

V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Eins og staðan er núna áætlað Ístak að afhenda stöðina í lok apríl 2020 en þá á eftir að ganga frá einstökum verkefnum utanhúss. Framvinda á öllu verkinu er um 97% miðað við 1. apríl 2020.

Óvíst er hversu mikil áhrif COVID-19 veikin mun hafa á framvindu verks en nú þegar er ljóst að sérfræðingar Aikan komast ekki til landsins í mars til að klára uppsetningu. Til að leysa þetta er gert ráð fyrir að Aikan muni setja upp stjórnbúnað í apríl með fjarvinnslubúnaði, með aðstoð starfsmanna Mannvits sem verða á staðnum.

Áfallinn kostnaður vegna byggingarinnar er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Áfallið fyrir júlí 2018	758,2
Júlí 2018	49,3
Ágúst 2018	52,5
September 2018	134,0
Október 2018	195,9
Nóvember 2018	203,7
Desember 2018	135,1
Janúar 2019	268,3
Febrúar 2019	209,9
Mars 2019	267,3
Apríl 2019	141,9
Maí 2019	309,9
Júní 2019	327,2
Júlí 2019	399,1
Ágúst 2019	244,2
September 2019	260,1
Október 2019	289,6
Nóvember 2019	182,9
Desember 2019	182,2
Janúar 2020	145,2
Febrúar 2020	176,5
Mars 2020	155,9
Samtals	5.089

Heildar kostnaður við sjálfa verkframkvæmdina frá því skrifað var undir samning við verktaka í júlí 2018 skv. ofangreindu er nú kr. 4.330,8 mkr. Skv. framvinduskýrslu Mannvits dags. 16. apríl 2020 er áætlað að heildarkostnaður verði 4.438 mkr. með vikið -1% - +3%. Bókfærð aukaverk frá upphafi eru samtals 112 mkr. og eru aðallega vegna ófyrirséðra atriða sem snúa að jarðvinnu. Gert var ráð fyrir 113,7 mkr. í áætlun. Áætlaður heildarkostnaður hefur verið hækkaður um rúmar 15 milljónir frá því

síðustu framvinduskýrslu í mars, en um ástæður þess ber helst að nefna gengislækkun krónunnar sem hefur töluverð áhrif á eftirstöðvar Aikan samnings, magntöluaukningar umfram magnskrá í frágangi Ístaks á stjórnbyggingu með tilheyrandi hækkun verðbóta. En einnig má gera ráð fyrir að vinna Mannvits, Batterísins og Verkís verði umfangsmeiri en áætlunin gerir ráð fyrir með lengingu verktíma.

Óvissu og áhættuþættir

Enn er nokkur óvissa um lokauppgjör samnings við aðalverktaka á magntölum í steypu, mótum og jární, innanhússfrágang í stjórnbyggingu, frágang á útisvæði þ.m.t. við gröft og fyllingar ásamt óvissu um prófanir og gangsetningu.

Einnig er nokkur óvissa um uppgjör á kröfum verktaka vegna aukaverka. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kostnaði uppá 113,7 m.kr. vegna aukaverka en nú þegar hefur SORPA greitt 112 m.kr. Útistandandi kröfur verktaka eru nú um 40 m.kr og af þeim hefur verkkaupi samþykkt að borga 16 m.kr. en ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaði í uppfærðri áætlun þar sem verkkaupi er með útistandandi kröfur á verktaka vegna olíuskilju og hreinsikerfis tanka uppá 16 m.kr. Eftir standa kröfur frá verktaka uppá 24 m.kr. sem hefur verið hafnað og ekki er því gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun en líklegt er að einhver kostnaður hljóti af.

Óvíst er hversu mikil áhrif COVID-19 veikin mun hafa á framvindu verks en nú þegar er ljóst að sérfræðingar Aikan komust ekki til landsins í bráð til að klára uppsetningu og prófanir. Til að leysa þetta hafa starfsmenn Aikan sett upp hugbúnað og gert prófanir með fjarvinnslubúnaði, með aðstoð starfsmanna Mannvits sem eru á staðnum. Óvíst er hvenær starfsmenn Aikan komast til landsins til að aðstoða SORPU við ræsingu stöðvarinnar.

Gengisbreytingar: Nú á eftir að greiða um 30% af eftirstöðvum samnings SORPU við Aikan ásamt greiðslum vegna viðbótarverka og hefur íslenska krónan lækkað töluvert gagnvart Evru. Við útreikning á eftirstöðvum á samningi Aikan er miðað við miðgengi seðlabanka Íslands í apríl 2020 = 156 kr/EUR

SORPA bs. áætlar að verkið (bygging á GAJA) muni enda í efri mörkum áætlunar Mannvits eða í um 4.525 mkr.

Virðingarfyllt,

Helgi Þór Ingason
framkvæmdastjóri